

GRÍMUR OG EINNOTA HANSKAR

Grímur

Ekki er mælt með almennri notkun á grímum en þær á að nota:

- Í afmörkuðum rýmum þegar ekki er hægt að tryggja 1 metra á milli manna og loftgæði eru ekki góð, t.d.
 - Í áætlunarflugi og ferjum, ef ekki er hægt að hafa 1 m á milli manna.
 - Í hópþífu/leigubíl frá flugvelli eftir sýnatöku á landamærum og á lengri leiðum með hópþífu.
 - Í framhalds- og háskólum.
 - Við þjónustu í návígi s.s. snyrtingu, nudd, sjúkrþjálfun, tannlækningar og lækningar og hjúkrun í návígi.
 - Í miklum þrengslum.
- Mikilvægt að setja hana rétt á, snerta sem minnst og ávallt hreinsa hendur eftir snertingu.



Hanskar

Ekki er ráðlagt að almenningur noti hanska til varnar COVID-19. Hanskarnir mengast strax og viðvarandi notkun getur valdið aukinni sýkingarhættu.

- Handþvottur eða handsprittun er aðalatriðið og allir hvattir til að þvo hendur með sápuvatni eða spritta hendur (ef handlaug er ekki til staðar) eftir snertingu við mengað yfirborð.
- Nota hanska við óhrein verk s.s. við þrif eða fyrirséða snertingu við blóð og líkamsvessa. Fara strax úr hönskunum eftir að verki lýkur og gera það á réttan hátt (hverfa þeim af höndunum) og setja þá beint í ruslafötu.
- Ef notaðir eru hanskar við meðferð matvæla sem aðrir neyta þarf að skipta um hanska milli verka. Ef notaðir eru hanskar við afgreiðslu t.d. í bakaríum, ísbúðum og veitingahúsum þarf að fara í nýja hanska við hverja afgreiðslu.
- Hendur á að hreinsa fyrir og eftir að hanskar hafa verið notaðir.
- Einnota hanskar eru einnota – ekki spritta þá eða þvo til endurnotkunar.

